


Fjármálastjórinn – Skil 4

Nú er komið að síðustu skilum í þessu verkefni. Nú verður farið yfir hvað hefur breyst og hvað ekki.


1. Farðu í gamla skjalið sem þú sendir inn síðast og opnaðu flipann sem heitir skil 4. Settu inn í reitina sem heita Fjöldi hluta sömu tölu og var í skil 1. Í reitina sem heita Gengi félags og Gengi dollars átt þú að setja inn nýtt gengi á félögum og dollara þar sem það á við. Ef þú hefur sett pening á bankareikning þarft þú að reikna út hversu mikla vexti þú hefur fengið. Einnig verður þú að segja hvað reikningurinn heitir sem þú lagðir inn á, í hvaða banka hann er og hversu mikla vexti hann gefur. A.t.h. vextirnir sem eru gefnir upp eru ársvextir og þú verður að taka tillit til þess að þú hefur bara geymt peningana hluta úr árinu á þessum vöxtum.
2. Nú átt þú að setja inn þær dagsetningar sem skilað var í fjóra reiti lóðrétt. Fyrst dag, svo punkt, svo mánuð og að lokum ár. Ef það stendur almennt í reitnum efst þá eigið þið að breyta því í löng dagsetning.



H	I	J	G	H	I	J
					#####	
	14. september 2015				#####	
	16. desember 2015				#####	
	18. mars 2016				#####	
	27. maí 2016				#####	

Ef myndin lítur út eins og þessi hægra megin farið þá í hornið á bókstafnum og stækkið reitinn þangað til stafir og tölu byrtast. Takið eftir að í reiturinn vinstra megin er stærri en hægra megin.

Því næst setjið þið stöðuna sem var við hver skil þar sem fyrstu skil hjá öllum er 1.000.000.




H	I	J
	14. september 2015	1.000.000,00
	16. desember 2015	1.200.000,00
	18. mars 2016	1.100.000,00
	27. maí 2016	900.000,00

A	B	C
	14. september 2015	1.000.000,00
	16. desember 2015	1.200.000,00
	18. mars 2016	1.100.000,00
	27. maí 2016	900.000,00

Takið eftir að reiturinn efst segir núna Almennt en ekki dagsetning.

Farið með músina í efsta vinstra megin og dragið bendilinn yfir allar tölurnar og dagsetningarnar, farið úr flipanum heim í flipann setja inn. Veljið svo línurit sem ykkur líkar vel við og setjið á síðuna.



Þá ætti þetta að líta einhvern veginn svona út

Fjármálastjórinn

Svaraðu þessum spurningum.

- a. Hvað kom þér mest á ávart við gerð þessa verkefnis?
- b. Er skynsamlegt að geyma fjármuni annarra í minna en ár eins og fyrirmæli verkefnisins gerðu kröfu um? (í innlendum og erlendum hlutabréfum) Af hverju eða af hverju ekki?
- c. Sagan segir að Júdas hafi fengið 30 silfurpeninga forðum daga fyrir að segja til Jesú. Ekki er nákvæmlega vitað hve þungir þessir peningar gætu hafa verið þótt fornleyfauppgröftur frá þessum tíma gefi vísbendingar. Gefum okkur því þessar forsendur: 30 peningar úr silfri, hver 15 gr. að þyngd. Silfursjóður ávaxtaður í 2000 ár með 3,5% vöxtum. Hver væri þyngd sjóðsins í dag miðað við að ávöxtun hvers ár væri bætt við þyngd sjóðs um hver áramót? (Þetta er reiknað eins og ef 10.000 kr væru geymdar í banka á 3,5% vöxtum í 10 ár, þ.e. $10.000 \cdot 1,035^{10}$). Er líklegt að svona ávöxtun geti staðist?

Sett í möppu.